

25. fundur haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar fimmtudaginn 26. maí 2011 kl.17:00 á skrifstofu Langanesbyggðar.

Mætt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Ævar Marinósson, Indriði Þóroddsson, Steinunn Leósdóttir, Ólöf K. Arnmundsdóttir, Nanna Höskuldsdóttir og Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð á tölvu. Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

DAGSKRÁ:

1. **Fundargerð sveitarstjórnar dags. 12.05.2011**
Lögð fram til kynningar.
2. **Fundargerð sveitarstjórnar dags.18.05.2011**
Lögð fram til kynningar.
3. **Ársreikningur 2010 seinni umræða.**
Nokkur umræða fór fram um ársreikninginn.
Ársreikningur borinn upp og samþykktur samhljóða.
Sveitarstjórn lýsir áhyggjum sínum yfir hversu slæm afkoma sé vegna Dvalarheimilisins Nausts.
4. **Fundargerð húsnæðisnefndar dags. 13.05.2011**
Sveitarstjóri leggur til að liðir þrjú og fjögur verði skoðaðir betur þar sem varasjóður húsnæðismála hefur lækkað mótframlag sitt niður í 55%
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
5. **Fundargerð fræðslunefndar dags. 16.05.2011**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
6. **Fundargerð USB dags. 23.05.2011**
Sveitarstjóri benti fundarmönnum á lið númer fjögur í fundargerðinni en þar leggur USB nefndin til að eftirfarandi bókun verði samþykkt:
USB leggur til við sveitarstjórn Langanesbyggðar að byggingarfulltrúa verði falið að fullafgreiða byggingarleyfisumsóknir sem eru í samræmi við samþykkt deiliskipulög í samræmi við ákvæði 8. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 Byggingarfulltrúi sendi sveitarstjórn tilkynningar um þau byggingarleyfi sem hann samþykkir. Jafnframt leggur nefndin til að hlutverki hennar verði breytt til samræmis við það, þannig að hún verði ekki lengur byggingarnefnd og fái þannig heitið Umhverfis- og skipulagsnefnd.

Bókunin samþykkt samhljóða.
Fundargerðin í heild sinni samþykkt samhljóða.
7. **Fundargerðir Menningarráðs Eyþings dags .03.04 og 04.04.2011**
Lögð fram til kynningar.
8. **Fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra dags. 11.05.2011**
Lögð fram til kynningar.
9. **Skýrsla sveitarstjóra.**

- Sveitarstjóri fór yfir að hann hafi gert grófa kostnaðaráætlun vegna breytinga á húsnæði Ísfélagsins fyrir framhaldsskóla en um er að ræða tvo veggir og tvær hurðir áætlaður kostnaður 1.000.000 kr.
Leiga á ári kr. 600.000,- vísitölutryggt, leigjendur greiði líka rafmagn og hita upb. 600.000 á ári. Samþykkt að fela sveitarstjóra að ganga frá húsaleigusamningi og byrja sem fyrst á breytingum í Ísfélagshúsinu í samráði við Ísfélagið.
- Sveitarstjóri lagði fram bréf frá Jóhönnu Helgadóttur dags. 26.maí 2011 þar sem hún biðst lausnar frá sveitarstjórnar- og nefndarstörfum hjá Langanesbyggð frá og með 1. júní n.k. þar sem hún mun flytja úr sveitarfélaginu í sumar.
Sveitarstjórn óskar Jóhönnu alls hins besta og veitir henni lausn frá sveitarstjórn út kjörtímabilið.
Samþykkt samhljóða.
- Í ljósi þess að Jóhanna muni hætta störfum, óskar sveitarstjóri eftir því að auglýsa starf bókara fljótlega, sveitarstjóri ætlar að útbúa starfslýsingu og leggja fyrir sveitarstjórn á næsta fundi, jafnframt því þarf að gera breytingar á skrifstofu sveitarfélagsins sem gætu numið um 200.000 kr. Samþykkt samhljóða.
- Sveitarstjóri fór yfir að nú væri rekstraleiga á vinnubifreið sem staðsett hefur verið á Bakkafirði síðan 2008 að renna út. Búið er að finna nýjan bíl og kostar hann kr. 500.000.- Samþykkt að fela sveitarstjóra að ganga frá kaupunum.
- Sveitarstjóri fór yfir að þann 29. apríl sl. hafi borist stjórnarsýslukæra í þremur liðum og var þeim svarað þann 6 maí. sl. Þann 16. maí sl. kvað innanríkisráðuneytið síðan upp eftirfarandi **úrskurð** :
 1. Kröfu Guðmundar Vilhjálmssonar, kt. 130367-3999 um að sveitarstjóri Langanesbyggðar og oddviti sveitarstjórnar verði víttir fyrir að taka ekki erindi hans og móður hans, dags. 30. mars 2011, fyrir á fundi sveitarstjórnar þann 14. apríl 2011 og að þeim sé gerð skýr grein fyrir skyldum þeirra sem sveitarstjórnarmanna, er hafnað.
 2. Kröfu Guðmundar Vilhjálmssonar um að ráðuneytið hlutist til um að öllum liðum erindisins verði svarað með fullnægjandi hætti, er vísað frá.
 3. Kröfu Guðmundar Vilhjálmssonar um að Skipulagsstofnun staðfesti ekki Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027 fyrr en stofnunin hafi tekið fyrir svar sveitarstjórnar Langanesbyggðar við erindis hans, er vísað frá.

Í ljósi þessara úrskurða er ljóst að vinnubrögð sveitarstjóra, oddvita og sveitarstjórnar hafa verið rétt og eðlileg.

10. Bréf frá undirbúningsnefnd Káta daga. dags. 11.05.2011

Í bréfinu óskar nefndin eftir að fá afnot af mannvirkjum og starfsmönnum áhaldahússins eins og verið hefur sl. ár
Samþykkt samhljóða.

11. Tölvupóstur frá vímuvarnaráði dags. 11.5.2011

Í bréfinu bendir ráðið á nauðsyn þess að efla félagslíf unglinga til 18 ára aldurs og nauðsynlegt að það falli ekki niður yfir sumartímann.
Sveitarstjóri fór yfir að núverandi æskulýðsfulltrúi muni hætta störfum 1. júní og að verið sé að skoða hvernig best verði að leysa það í sumar.

12. Bréf frá Guðmundi Vilhjálmssyni dags. 14.05.2011

Lagt fram til kynningar.

13. Umsókn um styrk dags. 10.05.2011

Í bréfinu óskar starfsfólk Grunnskólans á Þórshöfn, Leikskólans Barnabóls og Grunnskólans á Bakkafirði, eftir styrk vegna fræðsluferðar til Póllands. Tilgangur ferðarinnar er að fræðast almennt um skóla- og leikskólastarf en hlutfall pólskra barna er hátt í skólum sveitarfélagsins.

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að stofnanirnar fá samanlagt til ferða, dvalar og ráðstefna, kr. 900.000.-

Samþykkt að styrkja hvern einstakling um kr. 10.000.- og verður það dregið af fjárhagsáætlun skólanna. Samþykkt samhljóða.

14. Bréf frá Varasjóði húsnæðismála.

Í bréfi er bent á að nú hefur varasjóðurinn minnkað framlag sitt af mismun á söluverðmæti úr 90% í 55% Lagt fram til kynningar.

15. Tryggingar.

Sveitarstjóri leggur til að gerður verði nýr samningur við VÍS til 5 ára frá og með árinu 2011 og út árið 2015 en nýi samningurinn er 30% lægri en núverandi samningur.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt, fundi slitið kl.19:00